

AUGLÝSING

um samning um norrænt samstarf á sviði þróunaraðstoðar.

Hinn 5. mars 1981 var undirritaður í Kaupmannahöfn samningur milli ríkisstjórna Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um norrænt samstarf á sviði þróunaraðstoðar. Samningurinn öðladist gildi til bráðabirgða við undirritun, sbr. nánar 10. gr.

Samningurinn kemur í stað samnings frá 18. júlí 1968 um stjórn sameiginlegra norrænna aðstoðarverkefna í þróunarlöndum og viðbótarbókana frá 3. desember 1971 og 25. maí 1973, sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum, C-deild, nr. 19/1973.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 26. júní 1981.

Ólafur Jóhannesson.

Hörður Helgason.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

um norrænt samstarf á sviði þróunaraðstoðar

Ríkisstjórnir Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar hafa um árabíl haft með sér samstarf á sviði þróunaraðstoðar, bæði að því er varðar samræmingu aðstoðar og um sameiginleg norræn aðstoðarframlög. Ríkisstjórnir þessar vilja nú styrkja og efla samstarf sitt til stuðnings efnahagslegum og félagslegum framförum í þróunarlöndunum jafnt innan alþjóðastofnana sem með tvíhliða samskiptum við einstök lönd. Í því skyni að efla sérstaklega samnorræn aðstoðarframlög hafa ríkisstjórnirnar orðið sammála um eftirfarandi:

1. gr.

Almenn ákvæði

1. Stjórn samnorrænnar þróunaraðstoðar í þróunarlöndum sem ríkisstjórnirnar ákveða að láta í té samkvæmt samningi þessum skal heyra undir norrænu ráðherranefndina, ráðgjafarnefndina um aðstoðarmál og embættismannanefndina um aðstoðarmál og einnig, að því er varðar daglega framkvæmd, aðstoðarstofnanirnar á Norðurlöndunum.

2. Í samningi þessum er með samnorrænni þróunaraðstoð átt við framkvæmdir sem taka til eins lands eða fleiri, stuðning við framkvæmdir og ákveðnar atvinnugreinar sem og einstök verkefni.

AFTALE

om Det nordiske bistandsamarbejde

Danmarks, Finlands, Islands, Norges og Sveriges regeringer har i mange år samarbejdet inden for udviklingsbistandens område, både for så vidt angår harmonisering af bistand og i form af fællesnordiske bistandsindsatser. Disse regeringer ønsker nu at forstærke og videreudvikle deres samarbejde for at fremme den økonomiske og sociale fremgang i udviklingslandene såvel inden for rammen af internationale organisationer som i de bilaterale forhold til de enkelte lande. Med henblik på særligt at fremme fællesnordiske bistandsindsatser er regeringerne blevet enige om følgende:

Artikel I

Generelt

1. Administrationen af fællesnordiske bistandsindsatser i udviklingslandene, som regeringerne beslutter sig til at gennemføre i medfør af denne aftale, skal ske gennem Det nordiske Ministerråd, Den rådgivende Komité for Bistands-spørgsmål og embedsmandskomiteen for bistands-spørgsmål samt for så vidt angår den løbende administration gennem bistandsadministrationerne i de nordiske lande.

2. Med fællesnordiske bistandsindsatser menes i denne aftale programmer, som omfatter flere lande, landeprogrammer, program- og sektorstøtte samt enkelte projekter.

2. gr.

Ráðherranefndin

1. Ráðherranefndin fjallar um og gerir tillögur til ríkisstjórnanna um samnorræn aðstoðarframlög.

2. Ráðherranefndin ákveður fjárhagslegan ramma fyrir samnorræn framlög og úrskurðar um mikilvæg grundvallaratriði varðandi aukningu, framlengingu og endurskoðun á framlögum.

3. Ráðherranefndin veitir Norðurlandaráði upplýsingar reglulega um fjárhagsáætlanir og stefnu varðandi samnorrænu aðstoðarframlögin.

4. Ráðherranefndin skal taka ákvarðanir sínar í samræmi við ákvæði laga, fyrirmæli stjórnvalda og fjárveitingar hvers lands um sig.

3. gr.

Ráðgjafarnefndin

1. Ráðgjafarnefndin um aðstoðarmál skal vera ráðherranefndinni til ráðuneytis við umfjöllun hennar á tillögum um ný samnorræn aðstoðarframlög og framlengingu eða breytingu á framlögum í samræmi við 2. og 3. mgr. 2. gr. samnings þessa.

2. Ráðherranefndin setur nefndinni fyrirmæli.

4. gr.

Embættismannanefndin

1. Embættismannanefndin um aðstoðarmál er undirbúningsaðili vegna þeirra erinda sem ráðherranefndin fjallar um samkvæmt 2. gr. samnings þessa.

2. Embættismannanefndin fjallar um skýrslur, efnahagsleg reikningsskil, endurskoðunarskýrslur og matsskýrslur frá þeim aðstoðarstofnunum sem annast framkvæmd verkefna (sbr. 1. mgr. 5. gr.). Á grundvelli þessa tekur nefndin nauðsynlegar ákvarðanir og gefur aðstoðarstofnunum sem framkvæmd annast fyrirmæli um framkvæmd þróunaraðstoðarinnar í samræmi við samninga við móttökulöndin og innan marka þeirra fjárveitinga sem ákveðnar hafa verið.

3. Ráðherranefndin ákveður starfstílhögun embættismannanefndarinnar.

Artikel II

Ministerrådet

1. Ministerrådet behandler og fremlægger forslag til regeringerne om fællesnordiske bistandsindsatser.

2. Ministerrådet fastlægger økonomiske rammer for de fællesnordiske indsatser og træffer afgørelser i vigtigere principielle spørgsmål vedrørende udvidelse, forlængelse eller ændring af indsatserne.

3. Ministerrådet skal løbende underrette Nordisk Råd om budgetter og retningslinier for de fællesnordiske bistandsindsatser.

4. Ministerrådet træffer sine beslutninger i overensstemmelse med de enkelte landes lovgivning, administrative bestemmelser og statsfinansielle forskrifter.

Artikel III

Den rådgivende Komité

1. Den rådgivende Komité for Bistands spørgsmål rådgiver ministerrådet i dets behandling af forslag til nye fællesnordiske bistandsindsatser og forlængelse eller ændring af sådanne indsatser i overensstemmelse med artikel II pkt. 1. og 2. i denne aftale.

2. Retningslinier for komiteens virksomhed fastlægges af ministerrådet.

Artikel IV

Embedsmandskomiteen

1. Embedsmandskomiteen for bistands spørgsmål er forberedende organ for de sager, som ministerrådet behandler ifølge artikel II i denne aftale.

2. Embedsmandskomiteen behandler rapporter, regnskaber, revisionsberetninger og evalueringsrapporter fra de forvaltende bistandsadministrationer (jvf. artikel V pkt. 1.). På grundlag heraf træffer komiteen de nødvendige beslutninger og instruerer de forvaltende bistandsadministrationer om bistandsindsatsernes gennemførelse i overensstemmelse med aftaler med modtagerlandene og inden for rammerne af de fastlagte budgetter.

3. Forretningsordenen for embedsmandskomiteen fastlægges af ministerrådet.

5. gr.

Stjórn aðstoðarframlaganna

1. Stjórn hinna einstöku samnorrænu aðstoðarframlaga skal að öðru jöfnu vera í höndum einhverrar aðstoðarstofnunar ríkjanna (aðstoðarstofnun sem framkvæmd annast) sem ráðherranefndin tilnefnir.

2. Aðstoðarstofnunin sem framkvæmd annast skal vinna störf sín í samræmi við ákvæði samnings þessa og samninga þeirra sem gerðir eru samkvæmt 6. gr. og með hliðsjón af ákvörðunum þeim og fyrirmælum sem embættismannanefndin tilkynnir samkvæmt umboði sínu.

3. Embættismannanefndin getur ákveðið að aðstoðarstofnanirnar sem framkvæmd annast skuli tilnefna framkvæmdahópa til þess að aðstoða þær við umfjöllun atriða í sambandi við framkvæmd þróunaraðstoðarinnar.

6. gr.

Samningar

1. Eigi aðstoðin við móttökuland að grundvallast á samnorrænni framkvæmdaáætlun í ákveðnu landi skal nauðsynleg stjórnunartilhögun hennar gerð með ramma- eða framkvæmdasamningi milli þeirra norrænu ríkisstjórna sem þátttakendur eru annars vegar og ríkisstjórnar móttökulandsins hins vegar. Aðstoðarstofnunin sem framkvæmd annast sér um viðurður um slíka samninga á grundvelli fyrirmæla frá ráðherranefndinni.

2. Markmið og svið samnorrænu aðstoðarframlagdanna skal ákvarða með tímabundnum samningum sem aðstoðarstofnunin sem framkvæmd annast gerir við ríkisstjórn móttökulandsins í samræmi við ákvörðun embættismannanefndarinnar og innan þess ramma um fjárveitingar sem ráðherranefndin ákveður.

3. Á grundvelli ramma- eða framkvæmdasamnings og tímabundins samnings má gera einn eða fleiri samninga við ríkisstjórn móttökulandsins um aðstoð við ákveðnar atvinnugreinar eða um framlög að því marki sem ætla má að samnorrænn stuðningur við ákveðnar atvinnugreinar eða verkefni í móttökulandinu krefjist samningsákvæða. Aðstoðarstofnun sem framkvæmd annast gerir samninga um stuðning við ákveðnar atvinnugreinar eða um framlög og tilkynnir embættismannanefndinni um þá.

4. Taki hin samnorræna aðstoð við móttökuland einungis til stuðnings við einstakar framkvæmdir í ákveðnum atvinnugreinum eða við einstök

Artikel V

Administrationen af bistandsindsatserne

1. Administrationen af de enkelte fællesnordiske bistandsindsatser skal som regel varetages af en af de nationale bistandsadministrationer (den forvaltende bistandsadministration), som udpeges af ministerrådet.

2. Den forvaltende bistandsadministration skal løse sine opgaver i henhold til bestemmelserne i denne aftale og i de aftaler, som er indgået i overensstemmelse med artikel VI, samt under overholdelse af de beslutninger og instruktioner, som meddeles af embedsmandskomiteen i overensstemmelse med dennes beføjelser.

3. Embedsmandskomiteen kan træffe beslutning om, at de forvaltende bistandsadministrationer skal nedsætte indsatsgrupper for at rådgive dem ved behandlingen af spørgsmål i forbindelse med gennemførelsen af bistandsindsatserne.

Artikel VI

Aftaler

1. Såfremt bistanden til et modtagerland skal baseres på et fællesnordisk landeprogram, nedfældes de nødvendige administrative regler herfor i en ramme- eller procedureaftale mellem de deltagende nordiske regeringer på den ene side og modtagerlandets regering på den anden. Forhandlinger om en sådan aftale føres af den forvaltende bistandsadministration på grundlag af ministerrådets instruktion.

2. Udformningen og omfanget af fællesnordiske bistandsprogrammer fastlægges i periodiske aftaler, som den forvaltende bistandsadministration indgår med modtagerlandets regering i overensstemmelse med embedsmandskomiteens beslutninger og inden for de økonomiske rammer, som ministerrådet fastlægger.

3. På grundlag af ramme- eller procedureaftaler samt periodiske aftaler kan der indgås en eller flere sektorstøtte- eller indsatsaftaler med modtagerlandets regering i det omfang, fællesnordisk støtte til sektorprogrammer eller projekter i modtagerlandet nødvendiggør sådanne. Sektorstøtte- eller indsatsaftaler indgås af den administrerende bistandsadministration og forelægges embedsmandskomiteen.

4. Såfremt den fællesnordiske bistand til et modtagerland kun omfatter støtte til enkelte sektorprogrammer eller projekter, kan den aftale-

verkefni má takmarka hin lagalegu samningsákvæði við samning um stuðning við ákveðnar atvinnugreinar eða um framlög sem hafi að geyma nauðsynleg ákvæði varðandi aðstoðina við landið. Aðstoðarstofnunin sem framkvæmd annast gerir slíka samninga um stuðning við ákveðnar atvinnugreinar eða um framlög í samræmi við ákvörðun embættismannanefndarinnar og innan þess ramma um fjárveitingar sem ráðherranefndin ákveður.

5. Samnorrænt aðstoðarframlag er varðar stuðning við framkvæmdir sem taka til margra landa skal skipa með samningum við þessi lönd. Aðstoðarstofnunin sem framkvæmd annast gerir slíka samninga í samræmi við 1.—4. mgr. þessarar greinar.

6. Samningar þeir sem um getur í grein þessari skulu eftir því sem þörf þykir geyma fyrirvara um árlega fjárveitingu á þeim Norðurlöndum sem þátttakendur eru. Að öðru leyti skulu samningar þessir að svo miklu leyti sem unnt og hagkvæmt er vera í samræmi við það samningsform sem að öðru leyti gildir um aðstoðarstofnanirnar sem framkvæmd annast.

7. gr.

Fjárhagsákvæði

1. Skipting milli þáttökulanda á kostnaði við samnorræna þróunaraðstoð skal ákveðin fyrirfram með ákvörðun ráðherranefndarinnar í hverju einstöku tilviki.

2. Þáttökulöndin skulu bera kostnað sem hægt er að skilgreina, svo sem sérkostnað aðstoðarstofnunarinnar sem framkvæmd annast vegna stjórnunarstarfa, samkvæmt reglum þeim sem ákveðnar eru um skiptingu kostnaðar við þróunaraðstoð þá sem um ræðir.

3. Þáttökulöndin skulu láta í té þau framlög sem ráðherranefndin ákveður samkvæmt þessari grein og í samræmi við ákvörðun um árlega fjárhagsáætlun vegna verkefna. Framlög inna af hendi sem gjafir og án skuldbindinga. Fjárhæðina skal afhenda aðstoðarstofnun sem framkvæmd annast í byrjun fjárhagsárs þess lands sem framlagið veitir.

8. gr.

Starfsfólk

Ráðning útsends starfsfólks vegna samnorrænnar þróunaraðstoðar skal falin aðstoðarstofnun sem framkvæmd annast og skal hún jafnframt gera ráðningarsamning við starfsfólkið. Ráðning-

mæssige fastlæggelse heraf indskrænkes til sektorstøtte- eller indsatsaftaler, som indeholder alle de for bistanden til landet nødvendige bestemmelser. Sådanne sektorstøtte- eller indsatsaftaler indgås af den forvaltende bistandsadministration i overensstemmelse med embedsmandskomiteens beslutninger og inden for de budgetrammer, som ministerrådet fastlægger.

5. Reglerne for fællesnordiske indsatser, som vedrører støtte til programmer omfattende flere lande, fastlægges gennem aftaler med disse lande. Sådanne aftaler indgås af den forvaltende bistandsadministration med tilsvarende tilpasning af de i denne artikels pkt. 1.—4. anførte retningslinier.

6. Aftaler, som omtales i denne artikel, skal, hvis behov foreligger, indeholde forbehold om årlige bevillinger i de deltagende nordiske lande. I øvrigt skal sådanne aftaler, i det omfang det er muligt og hensigtsmæssigt, udformes efter de retningslinier, som normalt anvendes af den forvaltende bistandsadministration.

Artikel VII

Finansielle bestemmelser

1. Fordelingen mellem de deltagende lande af omkostningerne ved de fællesnordiske bistandsindsatser fastlægges på forhånd ved en beslutning i ministerrådet i hvert enkelt tilfælde.

2. Omkostninger, der kan identificeres, som f. eks. den forvaltende bistandsadministrations særlige omkostninger ved administrationsopgaven, skal dækkes af de deltagende lande i overensstemmelse med den fastlagte fordeling af omkostningerne for den pågældende bistandsindsats.

3. De bidrag, som er fastlagt af ministerrådet i overensstemmelse med denne artikel og i overensstemmelse med årlige vedtagelser om budgetter for indsatserne, skal stilles til rådighed af de deltagende lande. Bidragene skal ydes som gave og uden bindinger. Beløbene skal overføres til den forvaltende bistandsadministration i begyndelsen af giverlandets finansår.

Artikel VIII

Personale

Rekrutteringen af det udsendte personale til fællesnordiske bistandsindsatser skal varetages af den forvaltende bistandsadministration, som også ansætter personalet. Rekrutteringen i de nordiske

ar á Norðurlöndunum skulu fara fram í samvinnu við aðstoðarstofnanirnar. Laun og önnur launakjör svo og önnur ráðningarskilyrði skulu að svo miklu leyti sem unnt er vera í samræmi við eigin reglur aðstoðarstofnananna sem framkvæmd annast, en leitast skal við að gæta sem bests samræmis varðandi ráðningarskilyrði innan norrænu þróunaraðstoðarinnar.

9. gr.

Reikningsskil, endurskoðun, skýrslugjöf og matsgerðir

1. Aðstoðarstofnanirnar sem framkvæmd annast skulu árlega gera reikningsskil sem skulu endurskoðuð af embætti ríkisendurskoðanda í viðkomandi landi.

2. Aðstoðarstofnanirnar sem framkvæmd annast skulu semja ársskýrslur um framkvæmd aðstoðarinnar sem lagðar skulu fyrir embættismannanefndina þegar nefndin ákveður til þess að unnt sé að semja heildarársskýrslu sem hún leggur fyrir ráðherranefndina.

Aðstoðarstofnanirnar sem framkvæmd annast skulu auk þess gefa embættismannanefndinni skýrslur eftir því sem þurfa þykir um mikilvæg grundvallaratriði og um stjórnmálaleg málefni varðandi framkvæmd aðstoðarinnar.

3. Samningarnir við móttökuríkin skulu að jafnaði hafa að geyma ákvæði um mat á aðstoðinni.

10. gr.

Gildistaka, gildistími og uppsögn samningsins

1. Samningur þessi öðlast gildi til bráðabirgða við undirritun og endanlega þegar staðfesting hans hefur í samræmi við stjórnskipunareglur aðilanna verið tilkynnt opinbera boðleið. Frá sama tíma fellur úr gildi samningurinn frá 18. júlí 1968 milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um stjórn sameiginlegra norræna aðstoðarverkefna í þróunarlöndunum sem og viðbótarbókanir frá 3. desember 1971 og 25. maí 1973.

2. Ráðherranefndin ákveður að hve miklu leyti samningur þessi skal gilda vegna samninga við móttökuríkin sem gerðir voru með tilvísun til samningsins frá 18. júlí 1968.

3. Hver aðili um sig getur sagt samningnum upp skriflega með sex mánaða fyrirvara.

lande skal foregå i samarbejde med bistands-administrationerne. Løn og andre ydelser samt andre ansættelsesvilkår skal så vidt muligt stemme overens med den forvaltende bistandsadministrations egne vilkår, men den størst mulige overensstemmelse mellem ansættelsesvilkårene inden for den fællesnordiske bistand skal søges gennemført.

Artikel IX

Regnskabsaflæggelse, revision, rapportering og evaluering

1. Den forvaltende bistandsadministration skal hvert år aflægge regnskaber, som er reviderede på foranstaltning af det pågældende lands statslige revisionsmyndighed.

2. De forvaltende bistandsadministrationer skal udarbejde årlige rapporter om indsatsernes forløb, som skal forelægges embedsmandskomiteen på det tidspunkt, som komiteen fastsætter for at muliggøre udarbejdelsen af den samlede årsrapport, som af komiteen skal aflægges til ministerrådet. Den forvaltende bistandsadministration skal herudover efter behov rapportere til embedsmandskomiteen om vigtigere principielle og politiske spørgsmål, som vedrører gennemførelsen af indsatserne.

3. Aftalerne med modtagerlandene skal som regel indeholde bestemmelser om evaluering af indsatserne.

Artikel X

Ikrafttrædelse, overgangsbestemmelser og opsigelse af aftalen

1. Denne aftale træder i kraft provisorisk ved undertegnelsen og bliver definitivt gyldig, når dens godkendelse i overensstemmelse med parternes konstitutionelle regler er blevet behørigt notificeret gennem diplomatiske kanaler. Samtidig ophæves overenskomsten af 18. juli 1968 mellem Danmark, Finland, Norge og Sverige vedrørende administrationen af fællesnordiske bistandsprojekter i udviklingslandene som ændret med tillægsprotokol af 3. december 1971 og 25. maj 1973.

2. Ministerrådet beslutter, i hvilket omfang denne aftale skal finde anvendelse på aftaler med modtagerlandene, som er indgået under henvisning til overenskomsten af 18. juli 1968.

3. Aftalen kan opsiges af hver af parterne skriftligt med seks måneders varsel.

Pessu til staðfestu hafa undirritaðir sem til þess hafa fullt umboð undirritað samning þennan.

Til bekræftelse heraf har undertegnede befuld-
mægtigede repræsentanter undertegnet denne
aftale.

Gjört í Kaupmannahöfn hinn 5. mars 1981 í einu eintaki á íslensku, dönsku, finnsku, norsku og sænsku og skulu allir textar jafngildir. Samningurinn skal varðveittur hjá ríkisstjórn Danmerkur.

Undertegnet i København den 5. marts 1981 på dansk, finsk, islandsk, norsk og svensk, hvilke tekster skal tillægges lige gyldighed, i et eksemplar, som skal deponeres hos den danske regering.

Staðfest endurrit skal ríkisstjórn Danmerkur senda ríkisstjórnnum hinna aðildarríkjanna.

Bekræftede afskrifter skal af den danske regering tilstilles de øvrige kontraherende regeringer.

AUGLÝSING

um uppsögn samnings um fiskveiðar á norðausturhluta Atlantshafs.

Hinn 9. mars 1981 var breska utanríkisráðuneytinu tilkynnt um uppsögn aðildar Íslands að samningi frá 24. janúar 1959 um fiskveiðar á norðausturhluta Atlantshafs (sjá Samninga Íslands við erlend ríki I, nr. 116).

Í samræmi við 17. gr. samningsins miðast uppsögnin við 9. mars 1982. Hinn 1. apríl 1982 falla úr gildi lög nr. 14/1960 um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta ákvæði samningsins öðlast gildi, sbr. 4. gr. laga nr. 68/1981.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 26. júní 1981.

Ólafur Jóhannesson.

Hörður Helgason.

AUGLÝSING

um niðurfellingu samkomulags við Tyrkland um afnám vegabréfsáritana.

Með orðsendingu sendiráðs Íslands í Kaupmannahöfn dags. 16. mars 1981 var tyrkneskum stjórnvöldum tilkynnt um ákvörðun íslenskra stjórnvalda að fella úr gildi til bráðabirgða frá og með 1. maí 1981 samkomulag milli Íslands og Tyrklands frá 28. júní 1955 um afnám vegabréfsáritana, sbr. Samninga Íslands við erlend ríki II, nr. 303. Niðurfelling til bráðabirgða er heimil skv. 6. gr. samkomulagsins.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 26. júní 1981.

Ólafur Jóhannesson.

Hörður Helgason.